



Til bæjarráðs

Kópavogi, 25. apríl 2023  
2304758/005.05 ÁAK

Efni: Fyrirspurn bæjarfulltrúa Helgu Jónsdóttur um stefnumörkun í tjónamálum er stafa frá mannvirkjum Kópavogsbæjar

I.

Samkvæmt reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga ber fráveita ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem kann að leiða af rekstrartruflunum sem verða vegna vinnu við veitukerfi fráveitunnar, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Sömuleiðis ber vatnsveita ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem kanna að leiða af rekstrartruflunum sem verða vegna vinnu við veitukerfi vatnsveitunnar, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum skv. reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Mælt er fyrir um að aðeins komi til ábyrgðar ef starfsmenn hafa sýnt af sér gáleysi.

Kópavogsbær hefur í gildi ábyrgðartryggingar vegna bótaábyrgðar sem gæti fallið á sveitarfélagið vegna aðgerða eða aðgerðaleysis starfsfólks bæjarins. Þá hefur bærinn fasteignatryggingar þar sem bærinn er tryggður fyrir því tjóni sem kann að vera á ábyrgð bæjarins sem eiganda fasteignar. Kópavogsbær hefur hins vegar ekki í gildi tryggingu vegna tjóns sem verður vegna gatnagerðar, vatns- og fráveitulagna bæjarins sem ekki er orsök aðgerða eða aðgerðaleysis starfsfólks bæjarins. Ekki er vitað til þess að slíkar tryggingar séu í boði fyrir sveitarfélög.

Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra gatnadeildar hafa tjón frá vatns- og fráveitulögnum síðustu fjögur ár, þar sem váttryggingafélag bæjarins hefur ekki viðurkennt bótaskyldu vegna gáleysis starfsmanna, verið að meðaltali færri en eitt á ári. Ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang tjóna en áætlað er að a.m.k. tvö þeirra hafi numið 500.000 kr. hvort. Orsök tjóna í þessum tilvikum hefur verið rof eða skemmdir á lögnum, stíflur og tilfallandi vatnavextir sem lagnakerfi hafa ekki annað.

Tjón á bifreiðum vegna gatnakerfis bæjarins eru mun fleiri en þar eru tjón ekki jafn umfangsmikil. Slík tjón eru greidd úr ábyrgðartryggingu bæjarins ef tilkynnt hafði verið um holuna áður en tjónið varð en tjónið er ekki bætt ef starfsfólk bæjarins hefði ekki getað brugðist við og komið í veg fyrir tjón. Í þeim tilvikum gæti tjónþoli þurft að bera tjónið sjálfur ef bifreiðin hefur ekki verið tryggð kaskótryggingu. Þó svo að tjónþoli hafi tryggingar sem bæta tjónið þá geta komið upp tilvik þar sem tjónið er undanskilið í skilmálum viðkomandi tryggingar.



Önnur tjón íbúa vegna mannvirkja bæjarins gætu komið upp t.a.m. heilsutjón vegna myglu í húsnæði. Rétt er að hafa í huga jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar við mat á því ef það er vilji bæjarstjórnar að setja reglur um bótagreiðslur vegna tjóna þar sem sveitarfélagið er ekki bótaskyld.

## II.

Reglur um bótagreiðslur frá sveitarfélaginu í ákveðnum og skilgreindum tilvikum þegar tjón fæst ekki bætt frá öðrum er ein leið sem hægt er að fara til þess að koma til móts við íbúa eða aðra tjónþola þegar tjón má rekja til mannvirkja bæjarins. Slíkum bótagreiðslum mætti setja ákveðið fjárhæðarhámark eða mæla fyrir um tiltekinn styrk frá sveitarfélaginu til íbúa sem missa heimili sitt. Íbúar í þeirri aðstöðu, sem missa heimili sitt vegna t.d. vatnsflóðs eða bruna, gætu einnig verið í þörf fyrir og átt rétt á sértækri félagslegri aðstoð frá sveitarfélaginu þó sveitarfélaginu sé ekki skyld að bæta tjón. Hafa verður í huga að ef bæjarstjórn tekur ákvörðun um greiðslur bóta úr sjóðum sveitarfélagsins til ákveðins hóps, s.s. íbúa, þá gætu vaknað spurningar um það hvort sveitarfélagið ætti líka að greiða bætur til fyrirtækja vegna tjóns sem leiðir af truflun á vatns- og fráveitu. Kostnaður slíkra bóta óljós og ófyrirséður, ef litið er til umfangs þeirra mannvirkja sem eru í eigu Kópavogsbæjar gæti hann verið umtalsverður.

Önnur útfærsla vegna óbættra tjóna væri að vinna skriflegar áætlanir um reglubundnar aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir að lagnir rofni eða stíflist og samhliða því verði forvarnir, t.d. með fræðslu um það til íbúa hvað hægt sé að gera til þess að minnka líkur á stíflum. Haldi starfsfólk slíkar áætlanir með því að kanna tiltekna þekkta álagspunkta, ástand þeirra og þörf á hreinsun, gæti það fækkað þeim tjónum sem koma upp þar sem íbúar eru ekki tryggðir. Þannig væri einnig hægt að fjölga þeim tilvikum þar sem tjón íbúa yrðu bætt úr ábyrgðartryggingu, komi í ljós að starfsfólk hafi ekki fylgt settum áætlunum um hreinsun eða könnun á ástandi.

Virðingarfyllst,

Ása A. Kristjánsdóttir  
Bæjarlögmaður